



Byggðastofnun
Próunarsvið

Alþingi
Erindi nr. P 137/506
komudagur 3.7.2009

Dagsetning
02.07.2009

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Byggðastofnunar um frumvarp til laga um hvali, mál 112.

Hlutverk Byggðastofnunar er að vinna að eflingu byggðar og atvinnulífs á landsbyggðinni og miðast eftirfarandi umsögn við áhrif tillagnanna á þá þætti. Ekki hefur verið fjallað um umsögnina í stjórn stofnunarinnar.

Byggðastofnun telur að stuðla beri að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Hvalaskoðun er á nokkrum stöðum mikilvægur þáttur í ferðaþjónustu og nauðsynlegt að hagsmunir hvalaskoðunar séu ekki fyrir borð bornir. Stofnunin gerir ekki athugasemdir við frumvarpið, en telur að í ljósi reynslu í verðlagsþróun eigi ekki að binda í lög gjöld í ákveðinni krónutölu, sbr. 11. gr., nema að jafnframt sé skilgreint með hvaða hætti þau taki breytingum.

Virðingarfyllt

Guðmundur Guðmundsson
Sérfræðingur á próunarsviði Byggðastofnunar